



Stjórnarskrárfélagið

Reykjavík, 19. desember 2020.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Málefni: Umsögn vegna frumvarps til kosningalaga, þingskjal 401 - 339. mál - 151. löggjafarþing.

Ágætu fulltrúar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Þann 20. október 2012 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði Alþingis þar sem 2/3 hlutar kjósenda sem mættu til kjörstaðar sögðu já við eftirfarandi spurningu: "Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?"

Í sömu þjóðaratkvæðagreiðslu sögðu 78,3% já við spurningunni "Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?"

Þá sögðu tæp 67% já við því að atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vegi jafnt.

Nú, yfir átta árum síðar, hefur Alþingi ekki uppfyllt vilja kjósenda þó fyrirliggi fjölmargar skoðanakannanir sem staðfesti þjóðarvilja um að setja landinu stjórnarskrá sem grundvallast á frumvarpi stjórnlagaráðs.

Frumvarp það að kosningalögum sem hér liggur fyrir breytir ekki þeim grundvallarforsendum sem kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu hafa leiðbeint Alþingi um. Þannig er verið að gera ný lög sem ramma inn sama óréttlætið og viðgengist hefur árum saman hvað varðar takmörkun á rétti kjósenda á Íslandi til að kjósa bæði fólk og flokka og því að atkvæði landsmanna vegi jafnt, sem er mannréttindamál.

Stjórnarskrárfélagið telur það ekki samrýmast markmiði félagsins sem er "að vilji þjóðarinnar sem stjórnarskrárgjafa sé virtur" að koma með efnislega umsögn á breytingu á kosningalögum á meðan Alþingi hefur ekki gert þær grundvallarbreytingar sem þarf að gera á stjórnskipan ríkisins til þess að réttlæti í kosningakerfinu verði náð.

Í lokin er á það minnt að þann 20. október 2020 var Alþingi afhentur undirskriftalisti með staðfestum undirskriftum 43.423 kjósenda sem skrifuðu undir eftirfarandi kröfu:

"Við krefjumst þess að Alþingi virði niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 og lögfesti nýju stjórnarskrána. Í kosningunni samþykktu yfir 2/3 hlutar kjósenda að tillögurnar sem kosið var um skyldu verða grundvöllur nýrrar stjórnarskrár. Tillögurnar eru heildstæður samfélagssáttmáli, það er ekki Alþingis að velja og hafna ákvæðum úr sáttmálanum. Þjóðin er stjórnarskrárgjafinn og setur valdhöfum mörk en ekki öfugt. Við ætlum ekki að bíða í heilan áratug eftir að nýja stjórnarskráin taki gildi og því krefjumst við aðgerða strax!"

Við þessari mikilvægu kröfu hefur Alþingi ekki brugðist á nokkurn hátt.

Virðingarfyllst,

F. h. Stjórnarskrárfélagsins,

Katrín Oddsdóttir, formaður